

Þingsályktun

um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmari kaupum á raforku en nú er til lýsingar í gróðurhúsum í því skyni að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendrar ylærktar gagnvart innflutningi.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 1988.

